

Landssamband eldri borgara
Ólafur Ólafsson, formaður
Borgartúni 30
105, Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2007

Undirrituðum, formanni stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra, hefur borist afrit af bréfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 5. mars 2007, frá framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara. Þar er mótmælt tillögu stjórnarinnar um fjárveitingu úr Framkvæmdasjóðnum til Tilraunaverkefnis um upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu við aldraða og aðstandendur þeirra. Óhjákvæmilegt er að bregðast við slíku bréfi og benda m.a. á eftirfarandi atriði:

Í lögum um málefni aldraðra eru talin upp í fimm liðum verkefni, sem Framkvæmdasjóði aldraðra er falið að verja fjármagni til og í 5. lið segir: “Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.” Liti stjórnin ekki til þessa ákvæðis eins og annarra, væri hún að bregðast skyldu sinni.

Það var mat Samstarfsnefndar um málefni aldraðra, sem falið er að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum, að ekki væri nokkur vafi, að stuðningur við að koma af stað “Tilraunaverkefni um upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta við aldraða og aðstandendur þeirra” félli undir þetta ákvæði.

Auðvitað þarf að veða og meta hvernig skipta skuli ráðstöfunarfé sjóðsins. En úr því að stjórninni er lögð þessi skylda á herðar, var það mat hennar, að það væri engu að síður mikilvægt að gera með þessum hætti tilraun til að mæta brýnni þörf margra aldraðra fyrir góð ráð og leiðbeiningar, þegar þeim ber vandi að höndum.

Það varð a.m.k. niðurstaða flestra stjórnarmanna á fundinum, þar sem sérstaklega var fjallað um þessi málefni. Fulltrúi LEB taldi þó ólíklegt, að samkomulag næðist við LEB um rekstur þess, eins og starfsfólk ráðuneytisins vænti eftir viðræður við fulltrúa þess, en því var verkefnið merkt LEB. Niðurstaða stjórnar var samt sú, að tilraunaverkefnið væri jafn brýnt og aðalatriðið að starfið yrði vel af hendi leyst.

Eftir það, sem rakið er hér að framan, er ljóst að ekki getur staðist fullyrðing Framkvæmdastjórnar LEB í bréfinu 5. mars, um að ekki hafi verið fjallað um tilraunaverkefnið í stjórninni.

Með því að halda slíku fram, er líka verið að gefa í skin afar óvönduð vinnubrögð þeirra stjórnarmanna, sem fóru á fund ráðherra með niðurstöðu fundarins og hefðu þá átt að

færa honum aðrar tillögur en stjórnin afgreiddi. Vantar skýringar á tilgangi slíkra ærumeiðinga.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra væntir þess að framkvæmdastjórn LEB leiðrétti það sem missagt hefur verið um þetta mál og leggi áherslu á að kynna þá leiðréttingu á opinberum vettvangi.

F.h. Samstarfsnefndar um málefni aldraðra,

Jón Helgason, formaður